

Markmið / tilgangur.

Að keppni um titilinn SKOTMAÐUR, SKOTKONA og SKOTUNGLINGUR SÍH festist í sessi og verði með sama sniði og með sömu kröfum ár hvert.

Ábyrgðarmenn:

Mótanefnd.

Lýsing:

Almenn atriði

Á síðasta innanfélagsmóti (Lokamót SÍH) ár hvert skal skotið um titlana SKOTMAÐUR SÍH, SKOTUNGLINGUR SÍH og SKOTKONA SÍH. Á lokamóti SÍH er ekki keppt með forgjöf.

Skotmaður/kona SÍH.

Allir félagsmenn 20 ára og eldri með keppnisrétt hjá SÍH, hafa rétt til þátttöku um titlana.

Skotnir skulu 3 hringir samtals 75 dúfur, + 25 í úrslitum Sá sem hittir flestar dúfur verður Skotmaður/kona SÍH það árið.

Viðkomandi skal fá afhendan farandbikar og skal nafn skotmannsins og ártal vera skráð á skjöld límdan á undirstöðu hans.

Skotmaður skal sjálfur, á kostnað SÍH sjá um að útvega skjöldinn og líma á undirstöðu bikarsins

Skotmaður skal einnig fá minni bikar til eignar og skal hann merktur Skotmaður/kona SÍH árið 200x

Skotunglingur SÍH

Allir félagsmenn SÍH, 19 ára og yngri með keppnisrétt hjá SÍH, hafa rétt til þátttöku um titilinn SKOTUNGLINGUR SÍH. Skotnir skulu 3 hringir samtals 75 dúfur + 25 í úrslitum.

Sá sem hittir flestar dúfur verður SKOTUNGLINGUR SÍH það árið.

Viðkomandi skal fá afhendan farandbikar og skal nafn skotmannsins og ártal vera skráð á skjöld límdan á undirstöðu hans.

Forráðamaður eða skotunglingur skal sjálfur, á kostnað SÍH sjá um að útvega skjöldinn og líma á undirstöðu bikarsins.

Skotunglingur skal einnig fá minni bikar til eignar og skal hann merktur SKOTUNGLINGUR SÍH árið 200x